

Verkefni – MPA nám HÍ

Markmið:

Verkefnið er gerð útboðsgagna fyrir útboð á sameiginlegum viðskiptahugbúnaði fyrir nokkur orkubú og er unnið út frá sjónarhóli kaupanda, þ.e. orkubúanna. Lögð er áhersla á staðlaðan hugbúnað og öfluga þjónustu til langs tíma. Kostnaðaráætlun á kaupverði hugbúnaðarins er 50 milljónir. Í útboðsgögnum er gert ráð fyrir að tilboð bjóðenda séu metin út frá eignarhaldskostnaði þ.e. stofn- og rekstrarkostnaði til 10 ára eru svo og annarra þátta en verðs,.

Gögn

Gögn vegna verkefnisins er að finna á sérstöku svæði á vef Ríkiskaupa

1. Grunnútboðsgögn frá Ríkiskaupum. Tæknilýsing er ekki hluti gagnanna né heldur verkefnisins.
2. Fyrirlestur 9. febrúar + glærur
3. Gögn á vef Ríkiskaupa, www.rikiskaup.is/fraedsla/utgefidefni/nr/213
4. Fyrirspurnir og svör vegna verkefnisins á vef Ríkiskaupa
5. Verksamningur – hafður til hliðsjónar við gerð útboðsgagna/verkefnisins

Tímasetningar

Verkefnistími er 5 vikur, þ.e. verkefnaskil eru eigi síðar en fimmtudaginn 16. marz. Verkefni skal vera útprentað og því skilað í lokuðu umslagi í afgreiðslu Ríkiskaupa merkt

M P A Nám í Háskóla Íslands Útboðsverkefni
Höfundur:.....

Hægt er að senda inn fyrirspurnir vegna verkefnisins á utbod@rikiskaup.is til 20. febrúar, merkt MPA nám. Svör við fyrirspurnum verða birt á vefsvæði MPA námsins hjá Ríkiskaupum 22. febrúar.

Áherslur verkefnisins

- Skýr markmið fyrir útboðið þ.e. ítarlegri en hér fyrir ofan
- Stjórnskipulag útboðsins
- Greining hagsmunaaðila og samskipti við þá
- Tímaáætlun fyrir útboðið – tilboðsferli
- Val á útboðsaðferð
- Skilgreining á hæfi bjóðenda
- Matslíkan útboðsins
- Gögn / framlag sem óskað er eftir frá bjóðendum

Matslíkan vegna úrlausna

Úrlausnir verða metnar sem hér segir:

Matspáttur	Stig
Forsendur útboðsins og úrvinnsla þeirra þ.e. markmið, hæfi bjóðenda, matslíkan og umbeðin gögn	50
Stjórnskipulag og framkvæmdaáætlun útboðsins	20
Útboðstæknilegir og lagalegir þættir útboðslýsingar	20
Frágangur verkefnisins	10
Samtals:	100

Fái einhver þáttanna lægra en 50% stiga eða samtals stig eru færri en 70 verður verkefninu vísað frá.